

Pórólfur Matthíasson:

Laxeldið og leiga fyrir náttúruafnot

Norska fiskistofan og norska sjávarútvegsráðuneytið stóðu sumarið 2018 að uppboði á heimildum til kvíaeldis á laxi á völdum stöðum meðfram strandlengju Noregs. Staðsetningar mögulegra kvía var frá landamærum Noregs og Svíþjóðar í suðri til strandlengjunnar á Austur Finnmörku í norðri. Fjórtán fyrirtæki fengu leyfi og greiddu einkisupphæð frá 1,8 milljónum íslenskra króna til 3,2 milljóna fyrir heimild til að setja upp kvíar með afkastagetu sem svarar til framleiðslu eins tonns af sláturlaxi á ári (NOK 132.000 til 233.000 per tonn sem slátrað er). Til samanburðar má nefna að fyrirtæki sem starfa á Íslandi greiða tæplega 2.000 íslenskar krónur á ári á hvert heimilað framleiðslutonn í Umhverfissjóð sjókvíaeldis sem jafngildir einkisgreiðslu að upphæð 20.000 krónur (sjá <http://www.umsj.is/is/frettir/fyrirkomulag-vid-fjarmognun-umhverfissjods-sjokviaeldis>).

Verðið sem norsku fyrirtækin buðu fyrir framleiðsluréttinn var lægst á jaðarsvæðunum við Svíþjóð og í Finnmörku, en hæst um miðbik Noregs, en þar eru aðstæður ekki ólíkar því sem er íslensku fjörðunum fyrir austan og vestan. Verðmæti tekinnar tilboða nam 40 milljörðum íslenskra króna. Fjármunirnir munu renna inn í Kvíaeldissjóðinn (Havbruksfondet) sem ráðstafar 80% af tekjum sínum til sveitarfélaga þar sem laxeldi er stundað. Til samanburðar ráðstafar Umhverfissjóður sjókvíaeldis á Íslandi drjúgum hluta fjármagns síns í styrki til fiskeldisfyrirtækjanna sjálfra eða samstarfsaðila þeirra.

Laxeldi kallar á margháttáðar fjárfestingar af hálfu þeirra sveitarfélaga þar sem starfsemin á sér stað. Fjölgi fólki í sveitarfélaginu vegna aðflutnings starfsfólks í tengslum við laxeldið þarf að byggja leiguíbúðir, stækka eða bæta grunn- og leikskóla. Jafnframt þarf sveitarfélagið að koma á vöktunarferli þar sem fylgst er með umhverfisgæðum, bæði á landi, í lofti og á láði. Það eru því sterk rök fyrir að fara þá leið sem norðmenn hafa nú farið varðandi gjaldtöku af laxeldinu.

Nú liggur fyrir Alþingi tillaga um að auka heimildir sjávarútvegsráðherra til að veita fiskeldisfyrirtækjum skammtíma rekstrarleyfi. Tilefni leyfisveitingarinnar eru ákvarðanir Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sem taldi fyrri leyfisútgáfu ekki standast með hliðsjón af gildandi reglum.

Með hliðsjón af niðurstöðum úr uppboði sumarsins í Noregi á þarlandum kvíaeldisleyfum má ætla að verðmæti þeirrar aðstöðu sem Arctic Sea Farm og Fjarðarlax vilja nýta í Patreksfirði og Tálknafirði (framleiðslugeta upp á 17.500 tonn samtals) nemi á bilinu 31 til 56 milljörðum króna. Sem er 100 til 150 sinnum hærri upphæð en greidd er til Umhverfissjóðs sjókvíaeldis. Til samanburðar má nefna að útgjöld vegna stofnframkvæmda í vegagerð á Vestfjörðum nam rúmum 19 milljörðum á árabílinu 2005 til 2016. Mögulegur umframárður af fiskeldinu gæti því greitt vegagerð á Vestfjörðum í 10 til 20 ár (sjá [http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/Arsskyrsla\\_Vegagerdarinnar\\_2016/\\$file/Arsskyrsla\\_Vegagerdarinnar\\_2016.pdf](http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/Arsskyrsla_Vegagerdarinnar_2016/$file/Arsskyrsla_Vegagerdarinnar_2016.pdf)).

Nú þegar sjávarútvegsráðherra hefur opnað á endurskoðun stjórnsýslu sem tengist laxeldinu er eðlilegt að Alþingi taki gjaldtöku í greininni til sérstakrar skoðunar. Þar sem greinin er í uppbygginarferli mætti hugsa sér að haga gjaldtöku hér með öðrum hætti en í Noregi.

Þannig mætti horfa til aflaskiptakerfis sjómanna og ákveða að fastur hundraðshluti af sölutekjum laxeldisfyrirtækja gengi til Íslensks Kvíaeldissjóðs. Þegar aukin reynsla fæst af rekstri laxeldisins, bæði hvað varðar umhverfismál og aðra rekstrarþætti mætti endurskoða hvorutveggja, rekstrarleyfin og gjaldtökuna.